


Aðgangur að „UpToDate“ með einfaldri innskráningu (SSO)

Skráning með einfaldri innskráningu er eingöngu gerð einu sinni. Eftir það verður þú sjálfkrafa skráð(ur) inn og auðkennd(ur) þegar þú notar þessa aðferð til að fá aðgang að „UpToDate“.

Fylgdu þessum leiðbeiningum til að fá aðgang að „UpToDate“ með einfaldri innskráningu (SSO).



Vinsamlegast skráðu þig fyrst út áður en þú framkvæmir skrefin hér fyrir neðan.



Endurstaðfesting er ekki lengur nauðsynleg þegar „UpToDate“ er notað í gegnum SSO.

1. Fáðu aðgang að „UpToDate“ með því að fara á www.uptodate.com/login.
2. Sláðu inn netfangið sem tengist stofnuninni þinni. Smelltu á „Áfram“ (Continue). Þú verður síðan beðin(n) um að skrá inn auðkenni þín fyrir SSO.
3. Í fyrsta skipti sem þú opnar „UpToDate“ verðurðu beðin(n) um að ljúka skráningu eða skrá þig inn með núverandi „UpToDate“-aðgangi.

Ef þetta er í fyrsta sinn sem þú notar „UpToDate“ og þú ert ekki með notendanafn og lykilorð skaltu fylla út alla reiti á skráningareyðublaðinu og smella svo á „Skrá mig“ (Submit Registration).

Ef þú ert nú þegar með „UpToDate“-notandanafn og lykilorð úr persónulegri áskrift eða fyrri aðgangi, skaltu smella á bláa tengilinn „Skrá inn“ (Sign In) efst á skráningarsíðunni. Skráðu þig inn með núverandi notandanafni þínu. Smelltu á „Áfram“ (Continue) og sláðu inn lykilorðið þitt. Smelltu á „Skrá inn“ (Sign In). Þetta tryggir að núverandi CME/CE/CPD gögn þín haldist á einum „UpToDate“-notandareikningi.

Ef þú hefur stofnað aðgang með SSO og ert þegar með „UpToDate“-aðgang, mælum við eindregið með því að þú sameinir reikningana til að varðveita CME-einingar þínar og aðrar stillingar. Smelltu einfaldlega á nafnið þitt efst í hægra horninu, farðu á *Mitt svæði* (My Account) og smelltu á *Sameina reikninga* (Merge Accounts).


Farsímaaðgangur

Taktu efni frá „UpToDate“ með þér hvert sem er. Skráðu þig fyrir „UpToDate“-aðgang eða skráðu þig inn með núverandi aðgangsupplýsingum í gegnum SSO í farsímaforritinu.

- ✓ Leitaðu að „UpToDate“ í appversluninni í snjallsímanum eða spjaldtölvunni þinni og settu upp ókeypis forritið.
- ✓ Opnaðu „UpToDate“-farsímaforritið þegar niðurhali er lokið.
- ✓ Skráðu þig inn eða skráðu þig með SSO í farsímaforritinu. Ef þú ert nýr notandi og ert ekki með aðgangsupplýsingar skaltu fylgja skrefi 2 og skrefi 3A hér að ofan. Ef þú ert með aðgangsupplýsingar skaltu fylgja skrefi 2 og skrefi 3B hér að ofan.

Þegar skráningu hjá „UpToDate“ er lokið geturðu notað farsímaforritið á allt að tveimur tækjum.

UpToDate MobileComplete™ gerir þér kleift að leita í „UpToDate“ jafnvel án nettengingar. Leiðbeiningar um hvernig þú hleður öllu efniinu niður á tækið þitt má finna á blaðsíðu 2.



UpToDate MobileComplete™

Hvernig á að hlaða öllu efninu niður á tækið þitt:


Skráðir notendur hjá stofnunum sem hafa leyfi fyrir „UpToDate“ og „MobileComplete“, eða einstaklingar sem hafa keypt „UpToDate MobileComplete“, geta hlaðið niður öllu efni „UpToDate“ í iOS®- eða Android™-tækin sín í gegnum Wi-Fi tengingu eða með farsímagögnum (fer eftir stillingum forritsins).

Notendur geta leitað í öllum gagnagrunni með gagnreyndum ráðleggingum á „UpToDate“, hvar sem er, jafnvel án nettengingar.


Þegar efni breytist er hægt að hlaða uppfærslunum niður og nota þær í bakgrunni þegar tækið er tengt við Wi-Fi eða farsímanet (eftir stillingum forritsins).




1. Opnaðu „UpToDate“-farsímaforritið á tækinu þínu.




2. Finndu tilkynninguna á heimaskjánum sem segir „Hlaða niður efni til að nota „UpToDate“ án nettengingar“ (Download content to use UpToDate offline) og pikkaðu á „Sækja“ (Download).




Pikkaðu á valmyndartáknið efst í hægra horninu og veldu „Stilla“ (Set Up) við hliðina á valkostinum „Efni án nettengingar“ (Offline Content).



3. Veldu „Umfjöllunarefni“ (Topics) eða „Umfjöllunarefni og myndir“ (Topics and Graphics) til að setja upp á tækinu þínu.



4. Þegar niðurhali er lokið birtist blátt gátmerki við efnið sem var valið.



5. Veldu á milli „Wi-Fi“ eða „Wi-Fi og farsímanet“ (Wi-Fi and Data) sem niðurhalsvalkost fyrir sjálfvirkar uppfærslur með því að pikka á stillinguna hægra megin við „Sjálfvirkar uppfærslur“ (Auto-Updates).



Bestu vinnubrögðin: Stilltu forritið þannig að efnið sé uppfært með „Wi-Fi og farsímagögnum“ (Wi-Fi and Data) til að tryggja að þú sjáir alltaf nýjustu útgáfu efnisins, jafnvel þegar Wi-Fi tenging er ekki tiltæk.